



Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2014
Tilvísun ÞÍ: 2013121607/0.2.0

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn).

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis þar sem frumvarp til breytinga á mannanafnalögum nr. 45/1996, 200. mál, þingskjal 251 er sent stofnuninni til umsagnar. Athugasemdir Þjóðskrár Íslands fara hér á eftir.

Athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins

Er það mat Þjóðskrár Íslands að frekari skýringar vanti með ákvæðinu. Telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að fyrir liggi hver beri ábyrgð á því mati hvort eiginnafn eða millinafn uppfylli skilyrði laga. T.d. ef Þjóðskrá Íslands berst skírnarskýrsla frá presti þar sem barni hefur verið gefið nafn sem að mati stofnunarinnar gengur gegn ákvæðum laga um mannanöfn. Ber þá Þjóðskrá Íslands að skrá nafnið eða að vísa málinu til ráðherra? Telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að skýrt sé hver beri ábyrgð á að nöfn uppfylli skilyrði laga.

Athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins fellur 3. mgr. 7. gr. laganna út. Jafnframt kemur fram að orðin „2. eða“ í 2. másl. 5. mgr. falli brott. Leiðir þessi breyting til þess að í 5. mgr. 7. gr. segir:

Maður á og rétt á að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn. Honum er einnig heimilt að taka sér nafnið sem millinafn beri maki hans það sem millinafn skv. 3. mgr.

Telur Þjóðskrá Íslands að þarna hafi villa orðið við gerð frumvarpsins þar sem breytingin virðist leiða til þess að 2. máls. 5. mgr. vísi framvegis einungis í ákvæði sem samkvæmt frumvarpinu verður felld úr lögum.

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins

Telur Þjóðskrá Íslands að frekari skýringa sé þörf vegna breytinga á 5. mgr. 13. gr. laga um mannanöfn. Í frumvarpinu kemur fram að 5. mgr. 13. gr. skuli vera svohljóðandi: *Það er skilyrði nafnbreytingar að hin nýju nöfn séu samþykkt af ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.* Telur Þjóðskrá Íslands ekki liggja ljóst fyrir hvaða „nýju nöfn“ ráðherra skuli samþykkja enda er með frumvarpinu verið að fella niður mannanafnaskrá þannig að væntanlega er ekki verið að vísa til nýrra nafna sem ekki séu fyrir á mannanafnaskrá.



Athugasemdir vegna heimildar til töku nýrra ættarnafna

Með frumvarpinu er lagt til að fellt verði úr núgildandi lögum ákvæði sem bannar upptöku nýrra ættarnafna á Íslandi. Er heimildin til upptöku nýrra ættarnafna hins vegar ekki útfærð frekar og ekki er gerð grein fyrir því hvort einhverjar reglur skuli gilda um upptöku nýrra ættarnafna.

Telur Þjóðskrá Íslands óljóst hvort þau ættarnöfn sem nú eru skráð í Þjóðskrá, þau sem keyptur var einkaréttur á og tilkynnt voru til Stjórnarráðsins fyrir 1. janúar 1915, ættarnöfn sem menn tóku sér á árunum 1915-1925 á grundvelli laga um mannanöfn nr. 41/1913, sem og önnur ættarnöfn sem einstaklingar bera skv. Þjóðskrá, haldi þeirri nafnvernd sem núgildandi lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, var ætlað að veita þeim.

Er það mat Þjóðskrá Íslands að nauðsynlegt sé að nánari skýringar komi fram á hvernig tilhögun upptöku nýrra ættarnafna skuli háttáð. Meðal annars hvort heimilt verði að taka hvaða nafn upp sem ættarnafn, t.d. eiginnöfn og kenninöfn, fram komi hvort ný ættarnöfn njóti einhverskonar nafnverndar eða hvort margir ótengdir aðilar hafi heimild til að taka upp sama ættarnafnið.

Telur Þjóðskrá Íslands að mörg álitæfni muni líta dagsins ljós verði ákvæði um bann við upptöku nýrra ættarnafna fellt úr lögum og að nauðsynlegt sé að ekki leiki vafi á takmörkunum og/eða heimildum einstaklinga til upptöku nýrra ættarnafna.

Almennar athugasemdir við frumvarpið

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að markmið frumvarpsins sé meðal annars að undirstrika þá meginreglu varðandi nöfn og nafngiftir fólks að almennt skuli gert ráð fyrir að nöfn séu leyfð og að aðeins sérstakar aðstæður í undantekningartilvikum geti orðið til þess að ríkisvaldið komi í veg fyrir slíkt. Engin breyting er hins vegar lögð til á 5. eða 6. gr. laga um mannanöfn þar sem kveðið er á um skilyrði eiginnafna og millinafna. Fær Þjóðskrá Íslands ekki séð að þrátt fyrir að mannanafnanefnd verði lögð af og verkefni nefndarinnar flutt til ráðherra að skilyrði nýrra eiginnafna og millinafna séu á einhvern hátt rýmkuð með frumvarpinu. Telur Þjóðskrá Íslands að markmið frumvarpsins muni þannig ekki ná fram að ganga nema farið verði í ítarlegri breytingar á ákvæðum laga um mannanöfn.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Inga Helga Sveinsd.

Inga Helga Sveinsdóttir
Lögfræðingur